Nr. 1078 19. nóvember 2019

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi fyrir Þorláksstaðaveg, Kjósarhreppi.**

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 8. október 2019 óverulega breytingu á deiliskipulagi Þorláksstaðavegar.

Breytingin felur í sér að svæðið verði ætlað til íbúðarbyggðar skv. gildandi aðalskipulagi (ÍB6), byggingarreitir stækkaðir, að innan hvers byggingarreits verði heimilt er að reisa eitt íbúðarhús á einni til tveimur hæðum ásamt risi og kjallara. Að auki verði heimilt að reisa allt að 100 m² fylgihús, auk 39 m², gesta-, geymslu- eða garðhýsis innan hvers byggingarreits. Enn fremur að hámarksmænishæð húsa frá jörðu verð 8,5 metrar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 19. nóvember 2019.*

**Sigurður H. Ólafsson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. desember 2019